

Nefndasvið Alþingis  
Eva Margrét Ævarsdóttir, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. mars 2004  
Tilvísun: 2004030012/10.20  
SE/BH  
02.03.2004

**Efni: Friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Umsögn um frumvarp til laga um br. á lögum nr. 65/1994.**

Með bréfi dags. 02.03. 2004 senduð þér til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 65/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum með síðari breytingum, 594. mál, ernir, hreindýr, stjórnsýsla o.fl. Var þess óskað að svar bærst eigi síðar en 23.03. 2004.

Vegagerðin telur nauðsynlegt að koma á framfæri athugasemdum varðandi b-lið 10. gr. frumvarpsins. Umræddri grein frumvarpsins er ætlað að verða hluti nýs kafla í lögum 65/1994, VII. kafla, sem bera á heitið „Sértæk friðun“. Er ákvæðum kaflans ætlað að vera fyrst skrefið í átt að frekari vernd friðaðra tegunda. Ekki er gerð athugasemd við að heimilt verði í auknum mæli að grípa til friðunarráðstafana þegar nauðsyn krefur til varnar tegundum í útrýmingarhættu. Hins vegar bendir Vegagerðin á, að með þeim friðunarákvæðum sem lögð eru til í 1. og 3. mgr. b-liðar 10. gr. frumvarpsins er gengið lengra en skynsamlegt getur talist í þá átt að banna umgengni og rask á svæðum í nágrenni arnarhreiðra og hreiðurstæða. Telja verður eðlilegt að gera þá kröfu að ekki sé að nauðsynjalausu raskað hreiðrum sjaldgæfra fuglategunda. Ennfremur er eðlilegt að landeigendur og þeir sem leið eiga um náttúru landsins gæti ýrtruðu varkárni í umgengni við sjaldgæfar dýrategundir og trufla ekki að óþörfu varp fugla. Fallast má á að æskilegt geti verið takmarka umgengni á ákveðnum svæðum á ákveðnum tímum þar sem talin er sérstök ástæða til friðunar. Almennt lögbundið bann við allri umgengni á stórum svæðum umhverfis arnarhreiður virðist hins vegar í fljótu bragði óraunhæft. Telja verður að erfitt verði að framfylgja friðun í þeirri mynd sem er í frumvarpinu ekki síst ef ætlunin er að með upplýsingar um þá staði sem bannað er að nálgast verði farið sem trúnaðarmál.

Ef ætlunin er að ganga svo langt sem hér um ræðir er nauðsynlegt að skýrar undanþáguheimildir séu til staðar þegar um framkvæmdir í almannapágu er að ræða. Má hér nefna hverskyns mannvikjagerð í almannapágu, svo sem vegagerð og viðhald vega, viðhald og gerð raflína, mastra, vatnsleiðslna o.fl.

Samkvæmt 1. mgr. b-liðar 10. gr. frumvarpsins verður óheimilt að koma nær arnarhreiðrum en



VEGAGERÐIN

500 m nema brýna nauðsyn beri til á tímabilinu 15.03.-15.08. Samkvæmt 2. mgr. getur umhverfisráðherra veitt undanþágu frá banni skv. 1. mgr. í sérstökum tilvikum að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Í greinargerð með 2. mgr. kemur fram að hér sé átt við starfsemi eins og t.d. ferðapjónustu. Nauðsynlegt er að heimilt verði að fara nær hreiðrum en hér um ræðir í þágu framkvæmda sem heimilaðar hafa verið í almannapágu enda sé gætt varkárni eins og kostur er. Verður að telja að án slíkrar undanþágu verði ákvæðið verulega hamlandi þegar kemur að brýnum samgöngubótum, t.d. á landsvæðum eins og Vestfjörðum.


Samkvæmt 3. mgr. b-liðar 10. gr. frumvarpsins verður óheimilt að hrófla við hreiðrum og hreiðurstæðum arna og svæði sem takmarkast af 100 m hringmáli umhverfis. Á þetta ákvæði við um alla þá staði þar sem vitað er til þess að ernir hafi orpið. Með sama hætti og áður greinir er óhjákvæmilegt að heimila undanþágur frá þessu ákvæði ef ekki á að tovelða úrbætur og uppbyggingu vegakerfis á ýmsum stöðum þar sem úrbætur eru brýnar.

Með hliðsjón af framansögðu og þeim sjónarmiðum sem fram koma í meðfylgjandi umsögn Gísla Eiríkssonar, umdæmisstjóra Vegagerðarinnar á Ísafirði er lögð til eftirfarandi breyting á 1. mgr. b-liðar 10. gr.: „**Óheimilt er frá 15. mars til 15. ágúst að koma nær arnarhreiðrum en nauðsyn ber til, svo sem vegna lögmætra nytja sem ekki er hægt að stunda á öðrum árstíma, þegar nauðsynlegt er vegna umferðar um land, vegna lagningar þjóðvega og vegna annarra opinberra framkvæmda í almannapágu, enda sýni menn ýtrustu varfærni og forðist að trufla fuglana**“.

Ennfremur er lögð til eftirfarandi breyting á 4. mgr. b.-liðar 10. gr.: „**Umhverfisráðherra getur veitt undanþágu frá banni skv. 3. mgr. að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, ef hreiðurstæði hefur ekki verið notað undanfarið t.d. vegna breyttra aðstæðna, nálægðar við umferðarmannvirki eða þess háttar, og undanþága er ekki talin geta skaðað viðkomu arnarstofnsins á viðkomandi svæði. Ennfremur getur umhverfisráðherra heimilað lagningu þjóðvega, raflína og annarra mannvirkja í almannapágu innan þeirra marka sem greinir í 1. og 3. mgr.**“.

Hjálagt fylgir umsögn Gísla Eiríkssonar, dags. 24.02. sl.

Virðingarfyllst

  
Jón Rögnvaldsson  
vegamálastjóri.

# Umsögn um

**Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum. (Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)**

Í 10 grein frumvarpsins, b-lið, eru meðal annars þessi ákvæði um erni:

*“ Óheimilt er frá 15. mars til 15. ágúst að koma nær arnarhreiðrum en 500 m nema brún nauðsyn beri til, svo sem vegna lögmætra nytja sem ekki er hægt að stunda á öðrum árstíma, enda sýni menn ýrustu varfærni og forðist að trufla fuglana. Þessi takmörkun á umferð gildir bæði þar sem ernir eru að búa sig undir varp og við þau hreiður sem orpið hefur verið í og eru með eggjum eða ungum.*

*Umhverfisráðherra getur veitt undanþágu frá banni skv. 1. mgr. í sérstökum tilvikum að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.*

*Óheimilt er að hrófla við hreiðrum og hreiðurstæðum arna og svæði sem takmarkast af 100 m hringmáli umhverfis, hvort sem er á varptíma eða utan hans. Einnig er óheimilt að koma fyrir hvers kyns búnaði í þeim tilgangi að fæla fugla frá hreiðurstæðum eða reyna að hindra þá í að verpa þar. Með hreiðurstæðum samkvæmt þessari grein er átt við alla þá staði sem ernir hafa orpið á svo vitað sé.*

*Náttúrufræðistofnun Íslands skal halda skrá yfir hreiðurstæði arna og láta Umhverfisstofnun í té. Fara skal með allar upplýsingar úr skránni sem trúnaðarmál í samræmi við reglur sem umhverfisráðherra setur um meðferð upplýsinga úr skránni.*

*Umhverfisráðherra getur veitt undanþágu frá banni skv. 1. og 3. mgr. að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands ef miklar líkur eru á að forn hreiðurstæði verði ekki nýtt aftur vegna breyttra aðstæðna, t.d. nálægðar við umferðarmannvirki.*

*Umhverfisstofnun getur að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands veitt undanþágu frá ákvæðum 1. mgr., svo sem vegna myndatöku og rannsókna, enda sé sótt um hana fyrir fram. Skilyrði skulu sett um umgang við hreiður við veitingu slíkrar undanþágu.”*

Ef þessi ákvæðu hefðu verið í lögum á árunum 1965 til 1975, er ekki annað að sjá en ólöglegt hefði verið að leggja núverandi veg á norðurströnd Breiðafjarðar frá Vattarfirði til Vatnsfjarðar. Vegurinn var lagður með sjó, um Kerlingafjörð og Kjálkafjörð og inn í Vatnsfjörð í stað þess að leggja hann um Þingmannaheiði þar sem gamla vegurinn var. Á tveimur stöðum var farið mjög nærri arnarsetum eða hreiðrum.

Í Kjálkafirði er vegurinn í 300 m fjarlægð frá hreiðri. Örninn bjó þar áfram og verpti í áratugi, en mun ekki hafa verpt þar allra síðustu ár. Vegagerðarmenn hafa gjarnan fylgst með erninum við vinnu sína, m.a. heflun og snjómokstur. Mjög snjóþungur kafli er þarna á veginum, e.t.v. sá snjóþyngsti á láglandi frá Reykjavík til Patreksfjarðar. Áætlanir eru uppi um að færa veginn nær sjó til að komast út úr snjónum. Vegurinn þyrfti þá að vera í um 100 m frá arnarsetrinu. Aðrir möguleikar eru ekki fyrir hendi. Yst í Vatnsfirði á Hörgsnesi var farið mjög nærri hreiðri. Örninn

þar mun hafa fært sig á annað setur inni í Vatnsfirði, sem er innan sama óðals. Ernir munu gjarnan færa sig til annað slagið, á milli hreiðra í óðali sínu. Örn sem á heima í Gilsfirði hefur t.d. oft flutt sig undanfarna áratugi.

Samkvæmt 1. mgr. er vandséð að heimilt sé að leggja veg nær setri, sem setið er á, en 500 m fjarlægð. Undanþáguákvæði í 2. mgr er mjög takmarkað og undanþáguákvæði í 5. mgr er illskiljanlegt ef það vísar til 1. málsgreinar. Hringur með radius 500 m er mikið svæði, um 78 ha, eða 0,8 km<sup>2</sup>, þannig að um mjög áhrifamikið ákvæði er að ræða.

Samkvæmt 3. mgr. er bannað að raska landi í 100 m fjarlægð frá gömlu hreiðri. Undanþáguákvæði í 5 mgr. er þröngt, þar sem liðið geta áratugir sem setur er ekki notað, þó að um engar truflanir sé að ræða. Það er því sjaldan hægt að segja að miklar líkur séu á að fornt hreiðurstæði verði ekki nýtt framar.

Um þessar mundir eru aftur fyrirhugaðar vegaförum á norðurströnd Breiðafjarðar nú á milli Þorskafjarðar og Kollafjarðar. Verið er að kanna ýmsar leiðir og undirbúa mat á umhverfisáhrifum. Undirlendi á þessu svæði er mjög lítið, oft mjórra en 500 m. Á þessu svæði búa líka ernir og er bæði ljúft og skylt að athuga áhrif hugsanlegs vegar á þeirra búsetu og taka tillit til þeirra. Vegagerðin telur það hinsvegar óviðunandi að arnarhreiður, hvort sem þau eru setin eða ekki geti hindrað verulega vegagerð til heilla landshluta. Tillitssemi manns og arnar verður að vera gagnkvæm.

Arnarstofninn mun ekki lengur vera í yfirvofandi hættu, sem betur fer. Verndunaraðgerðir á síðustu öld hafa borið árangur. Það er því óeðlilegt að gera vernd arna æðri allri annarri náttúruvernd, einstök náttúruvætti eru almennt ekki friðuð með lögum. Segja má að samkvæmt þessu frumvarpi mætti frekar spilla næstum hvaða náttúruvætti sem væri, frekar en arnarhreiðri.

Vegagerðin telur að inn í lögin þurfi að koma ótvíræð undanþáguheimild ráðherra, bæði frá 1. og 3. mgr., jafnvel til að raska hreiðri sem setið er, ef það er talið nauðsynlegt með tilliti til samgangna. Það yrði ekki gert nema að undangengnu mati á umhverfisáhrifum.

ge 24. febr 2004.